

Casco HusFix 3676

Trefjastyrkt múrblanda

Efnislýsing

Casco HusFix er trefjastyrkt múrblanda sem notuð er til spörtlunar á sam-skeytum og veggjum í votrymum þar sem algerrar vatnsheldni er krafist. HusFix má nota bæði innan- og utandyra til viðgerða á holum og sprungum í steinsteypu, léttri steypu, pússningu, gífsi o.fl. Spartlað er með HusFix áður en veggklæðningar eru settar upp eða málað er yfir flötinn með alkálíþolinni málningu. Múrblandan er teygjanleg og mögulegt að negla og skrúfa í hana. Hún loðir við flestar tegundir undirlags, t.d. steypu, múr, múrsteina, gífs- og trétrefjaplötur. HusFix er veðurþolið límspartl sem byggir á sementsgrunni. Helstu eiginleikar:

- Mjög góðir fyllieiginleikar
- Fínkornótt og skreppur ekki saman
- Drjúgt, slétt og með mjúkri áferð
- Mjög góð viðloðun
- Notkunartími blöndu allt að 8 klst. við 18°C

Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið. Fjarlægjið mjúkt og veikburða yfirborð með slípivél. Óþarfi er að grunna yfirborð sem ekki er vökvadrægt/gleypið.

Innanhúss

Gleypið yfirborð, t.d. steypa, pússning, sement o.fl. skal grunna með Casco Primer 21. Sjá blöndunarhlutföll á pakkanum.

Utanhúss

Bleytið gleypið yfirborð með vatni (burstið/penslið yfirborðið með vatni) áður en HusFix er borið á. Notið blönduna beint á rakt yfirborðið.

Blöndun

HusFix blandast í hlutfallinu 4:1 af köldu, hreinu vatni. Blandið HusFix í einsleita og kekkjalausa hræru, helst í hrærivél. Látið hræruna standa nokkrar mínútur áður en hafist er handa við spörtlun.

Viðgerðir og spörtlun

Strjúkið út spartlið út á yfirborðið með sléttum spartspaða. Þegar spartlið hefur tekið sig (athugið með fingrinum) má jafna massann með röku fillbretti eða frauðplastbretti. Hægt er að slípa yfirborðið þegar massinn hefur harðnað. Við lagningu á yrihornum, notið úthornaspaða eða spartspaða til að halda efninu á sínum stað. Mælt er með stofuhita.

Ath. Áður en málað eða veggfóðrað er ofan á á HusFix skal fyrst gera prófun því það er hættu á alkálíútfellingum þegar efnið kemst í samband við málningu og veggfóður. Þunn veggfóður eru sérstaklega viðkvæm sem og alkýð-/olíubundin málning.

Heilsufars- og umhverfismál

Meðhöndlið efnið með varúð til að forðast rykmyndun. Viðhafið hreinlæti á vinnustað. Forðist snertingu við augu og húð. Þvoið ykkur með vatni og sápu ef efnið fer á húð. Hreinsið verkfæri með vatni áður en spartlið þornar. Ráðlagt er að nota hlífðarhanska, hlífðargleraugu og andlitsgrímu við slípun. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Tegund: Duftspartl byggt á sementsgrunni með plastfylliefni

Litur: Ljósgrátt

Þéttleiki: U.þ.b. 800 kg/m³, blandað 1100 kg/m³

Mesta þykkt: Eftir þörfum, ótakmörkuð

Kornastærð: Grófustu korn 0,15 mm

Hiti við spörtlun: Minnst 5°C

Bestu aðstæður: +10-+20°C

Notkunartími: Um 8 klst. við 20°C eftir blöndun

Þekja: 0,7 kg/m²/mm

Þurrktími: Um 2 klst. í þunnu lagi. 1 sólarhringur í þykku lagi

Slípiþurr: Um 1,5-2 klst.

Má klæða yfir/mála: Eftir um 1 sólarhring, fer eftir þykkt

Verkfæri: Sléttur spartspaði

Pakkningar: 0,75, 2,5 og 10 kg

Ending: 12 mánuðir í vel luktum íláti við +20°C.

Látið ekki frjósa